

Þessi skipulagsskrá óskast birt í Stjórnartíðindunum og ber að útvega **110**
konungsstaðfesting á henni. 8. ágúst

St. í Kristjánú, 19. apríl 1907.

Hans Ellefsen.

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir gjafasjóð Hans Ellefsens **111**
hvalveiðamanns, útgefin á venjalegan hátt að mandatum af ráðherra Íslands 8. 8. ágúst
ágúst 1908.

Skipulagsskráin er þannig:

Skipulagsskrá

fyrir gjafasjóð Hans Ellefsens hvalveiðamanns.

1.

Sjóður þessi er stofnaður með gjafabréfi Hans Ellefsens hvalveiðamanns til Mosvallahrepps, dagsettu 4. júlí 1903, og var upprunaleg upphæð hans 10000 kr.; sjóðurinn heitir »Gjafasjóður Hans Ellefsens hvalveiðamanns«.

2.

Þau ár, er Mosvallahreppur hefir skatttekjur af hvalveiðarekstri, skal leggja ársvextina við höfuðstólinn. Höfuðstólinn, svo sem hann er nú eða kann að verða með viðlögðum vöxtum, má ekki síðar skerða.

3.

Þá er vextirnir eiga ekki að leggjast við höfuðstólinn samkvæmt 2. tölu-
lið, skal verja þeim á þann hátt, er hjer segir:

a. Svo lengi sem menn, sem greiða háan skatt, flytja ekki inn í hreppinn eða verksmiðjur, verslanir eða önnur fyrirtæki eru sett þar á stofn, er gera hreppnum að verulegum mun auðveldara en nú að annast sómasamlega hina almennu fátækraframsælsu, sje vöxtunum varið til þess að styrkja hreppinn til þess að standa straum af sveitarþyngslunum og bæta fátækraframsærið.

b. Þegar hreppurinn hins vegar, eins og vikið er að í staflíð a, getur annast hina almennu fátækraframsælsu fullkomlega sómasamlega án þess að íþyngja tilfinnanlega almenningi í hreppnum, skal verja vöxtunum að helm-

111 ingi til þess að bæta skóla- og kenslumál, en að hinum helmingnum til styrkt-
8. ágúst ar verðugum bágstöddum, sem ekki njóta fátækrastyrks, hvorttveggja innan
takmarka Mosvallahrepps.

Sýslunefndin í Vesturísafjarðarsýslu sker úr því, hvort ástæður hreppsins
sjeu svo breyttar, að vöxtunum geti orðið varið samkvæmt ákvæðunum í staflíð
b. Þegar gera skal út um þetta, skal það haft fyrir augum, að tilgangur stofnandans
með stofnun gjafasjóðs þessa var að hjálpa hreppnum úr erfiðleikunum við að
standa sómasamlega straum af sveitarþyngslunum, sem hlutu að verða þegar
hvalveiðarekstur hans hætti að vera skattskyldur í hreppnum, en að það hins
vegar var ekki tilgangur hans að ljetta skattaálögum af skattgjaldendum eða at-
vinnurekstri, sem síðar kynnu að koma og vera færir um að greiða háa skatta.

4.

Ef verslunarstaðurinn Flateyri kynni að verða skilinn frá hreppsfjelag-
inu og gerður að sjerstöku sveitarfjelagi, þá fylgir gjafasjóðurinn landhreppnum.

5.

Hreppsnefndin í Mosvallahreppi hefir á hendi stjórn gjafasjóðsins og ger-
ir reikningsskil fyrir sjóðnum um hvert ár; skal reikningurinn sendur sýslu-
nefndinni í Vesturísafjarðarsýslu til endurskoðunar og úrskurðar fyrir 1. mars
næsta ár á eftir.

6.

Höfuðstól sjóðsins skal ávalt ávaxta í skuldabréfum, útgefnum eða
trygðum af landsjóði Íslands eða íslensku bæjarfjelagi eða í útlendum ríkis- eða
sveitafjelagaskuldabréfum. Einnig má ávaxta höfuðstólinn í veðdeildarbréfum
landsbanka Íslands svo lengi sem þau njóta að minsta kosti sömu hlunninda sem
nú hjá landssjóði, að því er vaxtagreiðslu snertir. Vextir þeir, sem leggjast
við höfuðstólinn, skulu til bráðabirgða settir á vöxtu í tryggum sparisjóði eða
banka.

Öll verðbrjef sjóðsins skulu skráð á nafn gjafasjóðsins og bera áteiknun
stjórnarráðs Íslands um afhendingarbann.

Þessi skipulagsskrá óskast birt í Stjórnartíðindunum og ber að útvega
konungsstaðfesting á henni.

St. í Kristjáníu, 19. apríl 1907.

Hans Ellefsen.